



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Rekstrarþjónustan, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Samkeppnisviðræður nr. 14715 vegna mótuneytisþjónustu í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Innkaupin hófust á forvali, en umsóknir vegna þess voru opnaðar þann 12. mars 2020. Þrír aðilar sendu inn umsókn:

1. Furðufiskar ehf.
2. Múlakaffi ehf.
3. Maul Reykjavík ehf.

Um var að ræða innkaup á grundvelli VIII. kafla laga nr. 120/2016, sbr. 7. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 1000/2016, sbr. 92. gr. laganna þar sem um er að ræða samning um veitingaþjónustu í CPV flokki 55510000.

Tilkynning var send til þátttakenda þann 14. desember 2020 þar sem kaupandi frestaði viðræðuþrepi samkeppnisviðræðna í framangreindum viðræðum vegna mögulegra breytinga á umfangi verkefnisins. Með tilkynningu dags. 8. febrúar 2021, í viðauka 4, var þátttakendum tilkynnt að engar breytingar yrðu gerðar á verkefninu í tengslum við nýja kjarasamninga við starfsfólk kaupanda. Samtals voru 5 viðaukar sendir út.

Viðræður við þátttakendur fóru fram á tímabilinu 22. febrúar – 22. mars 2021.

Kaupandi hafnaði tillögu Maul Reykjavík ehf. endanlega með bréfi þann 14. maí 2021 á þeim grundvelli að kaupandi taldi afar ólíklegt að Maul Reykjavík ehf. sem þátttakandi í samkeppnisviðræðunum myndi skila endanlegu tilboði á viðráðanlegu verði. Byggði höfnunin á fyrri rökstuðningi sem sendur hafði verið þann 16. apríl 2021. Heimild til höfnunar byggði á kafla 0.2.

Gæðamat fór fram á tímabilinu 2. júní – 10. júní 2021.

Umslag B, þ.e. endanleg verðtilboð þátttakenda, var opnað þann 21. júní 2021 og voru niðurstöður gæðamats birtar samhliða:

Neðangreind verðtilboð voru opnuð:	Græn skref	Gæðamat	Tilboðsverð	Stig fyrir verð	Samtals stig
1 Múlakaffi ehf.	20 stig	30,4 stig	1.590 kr.	38,5 stig	88,9 stig
2 Furðufiskar ehf. / Kokkarnir	20 stig	34,2 stig	1.532 kr.	40,0 stig	94,2 stig
Kostnaðaráætlun kaupanda			1.500 kr.		

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:



Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli verðs og gæða og er vægið eftirfarandi:

- Verð gildir 40% = (Lægsta tilboðsverð / tilboðsverð bjóðanda) x 40 stig
- Græn skref gilda 20% - Kaupandi mun gefa stig fyrir það hvernig bjóðandi uppfyllir Græn skref í þjónustu sinni til Reykjavíkurborgar. Mest er hægt að fá 20 stig fyrir þennan lið.
- Gæðamat gildir 40% - Kaupandi mun framkvæma endanlegt gæðamat þegar endanleg samþykkt tillaga og endanlegt verðtilboð liggur fyrir. Mest er hægt að fá 40 stig fyrir gæðamat.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Furðufiska ehf. m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að þátttakandi sem var með hagkvæmasta gilda tilboðið, Furðufiskar ehf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Rekstrarþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Furðufiskar ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Rekstrarþjónustan leggur til að gengið verði að tilboði frá Furðufiskar ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli verðs og gæða, en samkvæmt útboðsgögnum skal semja við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu.

F.h. Rekstrarþjónustunnar

Finnur Kári Guðnason

deildarstjóri Rekstrarþjónustu

Viðaukar:

1. Tilboðsbók - Gæðamat
2. Tilboðsbók – Græn skref
3. Græn skref Reykjavíkurborgar